

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007 frá 26. október um framkvæmdarreglur varðandi tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar varnir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á flutningum á tilteknum dýrum af smitnæmum tegundum í tengslum við blátungu ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1266/2007 fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/393/EB ⁽³⁾, en hún hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar ekki Ísland og Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/598/EB) í hluta 3.2:

„40. **32007 R 1266:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007 frá 26. október um framkvæmdarreglur varðandi tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar varnir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á flutningum á tilteknum dýrum af smitnæmum tegundum í tengslum við blátungu (Stjtið. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 37).

Þessi gerð tekur ekki til Íslands.“
2. Brott falli texti 33. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/393/EB) í hluta 3.2.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 37.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 130, 24.5.2005, bls. 22.

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1266/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.